

14. fundur Æskulýðsnefndar Bláskógabyggðar

Haldinn mánudaginn 28. nóvember 2023 í Bláskógaskóla Laugarvatni kl. 15:00.

Mættir: Guðni Sighvatsson, Auður Ólafsdóttir og Þóra Þöll Meldal.

1) Frístundastyrkurinn og nýting hans.

Verkefnastjóri heilsueflandi samfélags segir frá nýtingu styrksins. Árið 2022 voru 4.211.000 kr nýttar og á núverandi ári stendur talan í 5.861.000 kr. Að mestu leyti fer það fram í gegnum sportabler og hefur styrkurinn verið nýttur í fjölbreytt tómsundastarf innan sveitarfélagsins sem og utan þess. Umræða var um að æfingagjöld þyrfti að stilla í hóf til að öll ungmenni hafi möguleika á að æfa fjölbreyttar íþróttir og stefna eigi að heilsujöfnuði. Lagt er til að frístundastyrkurinn nái til barna og ungmenna frá 0 ára til 18 ára aldurs.

2) Æskulýðsmál og fjárhagsáætlun 2024.

Verkefnastjóri heilsueflandi samfélags segir frá þeim verkefnum sem eru inni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir 2024.

Helst ber að nefna þá er stefnt að því að halda áfram vinnu við íþróttavöllinn á Laugarvatni sem er kominn á viðhald. Í Reykholti er stefnt að því að setja efni í hlaupabrautina og gera hana betur til þess fallna að stunda hlaup. Unnið verði að gönguleið við Skyrklettagötu yfir að gönguleið við Hvíta í Laugarási. Til eru frísbíkölfur sem bíða uppsetningar. Unnið er að verkefni um fjölmenningsarsamfélag í Uppsveitum ásamt byggðaþróunarfulltrúa.

3) Erindisbréf nefndarinnar.

Tillaga að breyta heiti nefndarinnar úr Æskulýðsnefnd í Íþrótt og lýðheilsunefnd. Samþykkt að vinna að uppfærðu erindisbréfi og leggja fyrir næsta fund til samþykktar.

4) Öryggismál í sveitarfélaginu.

Rætt um að fara þurfi yfir almenn öryggismál til dæmis við göngugötur aðra fjölfarna staði í sveitinni og þar sem við á.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:20